

Reglur um viðurkenningu fyrir framúrskarandi verkefni á Norðurlandi vestra

1. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) veita árlega viðurkenningar fyrir framúrskarandi verkefni sem fram hafa farið á Norðurlandi vestra.

Viðurkenningar eru veittar í tveimur flokkum:

- a) verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar
- b) verkefni á sviði menningar

2. Viðurkenningar geta hvort sem er hlotnast einstaklingi, hópi, félagi, fyrirtæki eða stofnun á Norðurlandi vestra fyrir sitt framlag. Verkefnin einskorðast við að hafa fengið styrk úr uppbyggingarsjóði SSNV.

3. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) auglýsa í desember ár hvert eftir umsóknum og/eða rökstuddum tilnefningum um viðurkenningar en eru ekki bundin af því.

4. Stjórn SSNV tekur ákvörðun um val á verkefnum. Framkvæmdastjóra er falið að afhenda verðlaunin eftir að valið liggur fyrir í samstarfi við vinningshafa.

5. Viðurkenningar skulu vera í formi viðurkenningarskjals og fjárstyrks að upphæð 300.000 kr.

Samþykkt af stjórn SSNV 6. febrúar 2024.